



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA

# Starfsskýrsla 2017–2018

# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	3
Stjórn og starfsfólk .....	7
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....	10
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2017 .....	11
Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2017 .....	14
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	16
– Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.....	16
– Réttindanefnd.....	21
– Fræðslunefnd .....	26
– Samskiptanefnd.....	33
– Úrskurðar- og umsagnarnefnd.....	37
Samskipti við stjórnvöld, aðila vinnumarkaðarins og fleiri .....	38
Erlent samstarf .....	41
Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira .....	43
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	45
Ársreikningur 2017 .....	46
– Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	47
– Áritun óháðs endurskoðanda .....	48
– Rekstrarreikningur .....	50
– Efnahagsreikningur .....	51
– Sjóðstreymisyfirlit .....	52
Skýringar .....	53



## Ávarp stjórnarformanns

**Árið 2017 var lífeyrissjóðum hagfellt. Raun-ávöxtun var um 5,5% fyrir sjóðina í heild, sem er mun betra en 2016 þegar raunávöxtun var neikvæð um 0,3%.**

### **Afnám gjaldeyrishafta stöð upp úr**

Afnám fjármagnshafta í mars 2017 var afar stórt og mikilvægt skref, enda höfðu höftin takmarkað mjög fjármagnsflæði til og frá landinu. Lífeyrissjóðirnir tóku breytingunni fagnandi, enda brýn þörf á að fara með fjármagn úr landi til ávöxtunar.

Miklar verðsveiflur hafa verið á erlendum verðbréfamörkuðum og á innlendum gjaldeyrismarkaði frá því höftum var aflétt.

Mikilvægt er fyrir sjóðina að byggja upp erlendar eignir í áföngum og þess má vænta að hlutfall þeirra fari hratt vaxandi á næstu árum.

Lífeyrissjóðir dreifa áhættu í starfsemi sinni með erlendum fjárfestingum, en á hinn bóginn eykst gjaldeyrissárhætta sjóðanna með auknum eignum erlendis annars vegar og óstöðugri íslenskri krónu hins vegar. Hátt gengi krónunnar rýrir verðmæti erlendra eigna í íslenskum krónum en á sama tíma er hagkvæmt að fjárfesta erlendis. Með herra hlutfalli erlendra eigna hefur gengi gjaldmiðla aukin áhrif á ávöxtun til skamms tíma litið.

### **Lífeyrissjóðirnir orðnir fyrsta stoð?**

Það hefur ekki farið á milli mála undanfarin misseri að stjórnvöld líta nú orðið til lífeyrissjóða sem fyrstu stoðar í eftirlaunakerfi landsmanna. Alla tíð hefur verið gengið út frá því að þegar okkar unga lífeyrissjóðakerfi væri orðið fullburða myndi það geta tekið við af almannatryggingum að greiða stærstan hluta lífeyrisgreiðslna. Þangað erum við bara ekki komin!

Sú kynslóð sem í dag fær greitt úr lífeyrissjóðum kvartar sáran yfir lélegum heimtum. Þar að auki skerðist lífeyrir með tekjutengingum almanna-trygginga. Þar til kerfið verður fullburða, sem gera má ráð fyrir að verði innan næsta áratugar, er algjörlega ótímabært að líta á lífeyrissjóðakerfið sem fyrstu stoð eftirlaunakerfisins.

Bæði er brýnt og raunhæft að draga stórlega úr skerðingaráhrifum í eftirlaunakerfinu og beita frekar skattkerfinu til kjarajöfnunar í samfélaginu.

Lífeyrissjóðir eiga undir högg að sækja og sæta gagnrýni, oft óréttmætri. Þegar að er gáð liggja rætur óánægju fólksins einkum í tekjuskerðingum almannatrygginga en ekki í lífeyrissjóðakerfinu. Lífeyrissjóðir fá hins vegar bágt í umræðunni.

Eitt af meginhlutverkum Landssamtaka lífeyris- sjóða er að standa vörð um réttindi sjóðfélaga og því ber samtökunum að berjast gegn því fyrirkomulagi að skerða tekjur eldri borgara og öryrkja um „krónu á móti krónu“.

### Hlutverk sjóðanna í atvinnulífinu

Í apríl 2017 var birt skýrsla starfshóps sem þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra skipaði til að fjalla um erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða. Þar var Gylfi Magnússon dósent í forsæti og hafði meðal annarra með sér tvo forystumenn úr okkar röðum, Þóreyju S. Þórðardóttur, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða, og Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs. Starfshópurinn svaraði meðal annars neitandi þeirri spurningu hvort breyta þyrfti gildandi lögum til að greiða fyrir erlendum fjárfestingum. Á því væri ekki þörf. Starfshópurinn lagðist gegn því að sett yrði lagalegt „gólf“ eða „þak“ fyrir erlendar eignir lífeyrissjóða.

Starfshópur forsætisráðherra um stærð lífeyris- sjóða í hagkerfinu sendi í janúar síðastliðnum frá sér skýrslu um umsvif sjóðanna í íslensku efnahagslífi. Það plagg var þarft innlegg í umræðu um stöðu lífeyrissjóða. Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða sendi í kjölfar skýrslunnar frá sér yfirlýsingu þar sem hún lýsti ánægju sinni með framtakið.

Í skýrslunni er að finna tillögur að úrbótum sem samræmast stefnu lífeyrissjóðanna um bætt

vinnubrögð, gegnsæi og góða stjórnarhætti. Má segja að skýrsluhöfundar taki í þeim efnum undir áherslur og breytingar sem unnið hefur verið að á vettvangi lífeyrissjóða landsins síðustu misseri.

Landssamtökin stóðu fyrir málþingi 9. maí síðast- liðinn. undir yfirskriftinni „Verða lífeyrissjóðir of stórir fyrir Ísland?“ Þar skiptust menn á skoðunum um hvort draga þyrfti úr sjóðsöfnun og auka þar með gegnumstreymi. Skýrt kom fram að umræðan er mikilvæg og er rétt að byrja.

### Tilgreind séreign

Tímamót urðu í lífeyrissjóðakerfinu 1. júlí 2017 þegar sú breyting tók gildi að sjóðfélagar á almennum vinnumarkaði gætu valið að setja allt að 2% hlut skylduiðgjalds í lífeyrissjóði í séreignarsparnað og þessi hlutur hækkar í 3,5% 1. júlí næstkomandi. Hér er ekki um að ræða hefðbundinn séreignarsparnað heldur er talað um „tilgreinda séreign“.

Þessi breyting var liður í að jafna stöðuna á almennum markaði við réttindi starfsmanna ríkisins og sveitarfélaga. Skiptar skoðanir voru um útfærsluna og um það hvernig haga skyldi innheimtu og vali sjóðfélaga á vörsluaðila. Fjármálaeftirlitið skarst í leikinn og hafa sjóðfélagar frjálst val um vörsluaðila á tilgreindri séreign.

Fjármála- og efnahagsráðherra ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar stefndi að því að leggja fyrir

Alþingi frumvarp og treysta lagagrunn tilgreindu séreignarinnar. Af því varð ekki. Ríkisstjórnin fór frá, þing var rofið, nýtt Alþingi kjörið og ný ríkisstjórn mynduð, eins og menn muna. Núverandi ríkisstjórn hefur enn ekki tekið upp þráðinn frá fyrri ríkisstjórn að þessu leyti, sem er miður.

### Hálfur lífeyrir

Breytingar á lögum um almannatryggingar tóku gildi 1. janúar 2018 og heimila fólki að taka hálfan lífeyri almannatrygginga en samhliða þarf að taka hálfan lífeyri frá lífeyrissjóðum. Heimildin til að greiða hálfan lífeyri kallar ekki á breytingu á lögum um lífeyrissjóði en fyrir lá að breyta þyrfti samþykktum þeirra til samræmis við tilheyrandi reglugerð. Sú reglugerð var sett rétt fyrir áramótin og því ljóst að sjóðirnir yrðu ekki í stakk búnir með breytingar á samþykktum.

Sjóðirnir ákváðu að afgreiða samþykktabreytingar á aðalfundum vorið 2018 og er stefnt að því að allir verði tilbúnir 1. september næstkomandi.

LL fagna öllum breytingum á lífeyrissjóðakerfinu sem eru til að auka valfrelsi sjóðfélaga, en talsvert er gagnrýnt að taka hálfis lífeyris gagnist einungis fáum vegna hárrar viðmiðunarupphæðar. Hafa samtökin vakið athygli stjórnvalda á því og mun nú vera hafin vinna við að sníða slíka agnúa af úrræðinu. Spurn eftir hálfum lífeyri hjá sjóðunum mun ekki hafa verið mikil en fjölmargar fyrirspurnir hafa borist.

## Ábyrgar fjárfestingar

Framan af ári 2018 hefur verið hávæer umræða í samfélaginu um að lífeyrissjóðir setji sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum, sem er af hinu góða. Landsamtökin fengu Kristján Guy Burgess til að kynna það helsta sem er að gerast í málaflokknum í grannríkjum.

Hluthafastefna og skipan stjórnarmanna lífeyrissjóða hefur einnig verið mikið í umræðunni, sem og ábyrgir og góðir stjórnarhættir. Framkvæmdastjóri samtakanna, Þórey S. Þórðardóttir, og stjórnarmaður í samtökunum, Guðrún S. Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, tóku þátt í pallborðsumræðum um áhrif og ákvarðanir stjórna á ráðstefnu um góða stjórnarhætti og fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum í byrjun apríl 2018.

IcelandSIF, samtök um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar, voru stofnuð í nóvember. Stofnendur voru alls 23, þar á meðal lífeyrissjóðir, bankar, tryggingafélög, rekstrarfélög verðbréfasjóða og eignastýringarfyrirtæki. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

IcelandSIF og Landssamtök lífeyrissjóða stóðu sameiginlega að morgunfundi um siðferðileg viðmið í fjárfestingum íslenskra lífeyrissjóða 26. apríl síðastliðinn.

## Séreignarkostir gerðir aðgengilegrir

Kröfur um gegnsæi og bætt aðgengi að upplýsingum eiga að sjálfsögðu við þegar rætt er um lífeyrissjóði. Sífelld er unnið að því að betrumbæta kerfi til að gera upplýsingar aðgengilegrar. Einn liður í því er að gera ávöxtunarkosti viðbótarlífeyrissparnaðar aðgengilega. Á vefnum Lífeyrismál.is er nú hægt að nálgast töflur með leiðum sem í boði eru hjá sjóðunum til ávöxtunar séreignar. Í athugun er að gera samtryggingarsjóðunum sambærileg skil á vefnum.

## Samskiptamál

Starfsfólk lífeyrissjóða hefur fengið gagnrýni fyrir að veigra sér við að svara fyrir sjóðina og kerfið þegar að þeim er sótt og einnig fyrir að vera ekki nægilega duglegt við að draga fram jákvæðar hliðar lífeyrissjóðakerfisins. Á árinu var lagt í talsverða vinnu við að bæta þetta og var Andrés Jónsson almannatengill fenginn til skrafs og ráðagerða.

Áhersla hefur verið lögð á að bregðast hratt og örugglega við beiðnum fjölmiðla um viðtöl og þátttöku í þjóðfélagssumræðunni og kapp lagt á að hafa frumkvæði að umfjöllun um lífeyrissjóðakerfið.

Eitt af því sem lögð hefur verið áhersla á er að eiga samtal við þá sem tjá sig opinberlega um lífeyrissjóðakerfið, enda er jafnan gagnlegt að skiptast á skoðunum þegar tilefni gefast.

Í samskiptamálunum er unnið samkvæmt áætlun um aukna fræðslu og betra aðgengi að upplýsingum.

Vefurinn Lífeyrismál.is er samskipta- og upplýsingatæki sem rækt er lögð við, ekki aðeins til að upplýsa um það sem þykir eiga þar erindi í starfseminni frá degi til dags heldur verður þar líka smám saman til upplýsinga- og gagnabanki um eftirlaunakerfið sem slíkt, réttindi af ýmsum toga og vegvísar um kerfi sem mörgum þykir næsta fráhrindandi og erfitt að rata um.

## Nefndir LL

Starfandi nefndir Landssamtaka lífeyrissjóða eru fjórar:

- Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða
- Fræðslunefnd
- Réttindanefnd
- Samskiptanefnd.

Lagt er til við aðalfundinn 2018 að hópur, sem þegar hefur mótað sér óformlegan vettvang á vegum LL og í eru áhættustjórar lífeyrissjóða, fái stöðu sem ein af fastanefndum LL.

Auk fastanefnda LL eru ætíð að störfum fjölmargir vinnuhópar sem tengjast hinum ýmsu málum sem upp koma. Í nefndum og vinnuhópum er unnið ómetanlegt starf fyrir lífeyrissjóðakerfið og eru öllum sem þar eiga hlut að máli færðar bestu þakkir.

### Ný og breytt persónuverndarlöggjöf

Miklar breytingar á persónuverndarlöggjöf landsins eiga sér stað um þessar mundir og hefur starfshópur á vegum LL unnið undanfarna mánuði að því að kortleggja þau málefni sjóðanna sem huga þarf að vegna persónuverndar. Málið er afar umfangsmikið og vinna nú sjóðirnir skipulega að því að laga sig að breyttu umhverfi að þessu leyti.

### Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða


Fyrir 40 árum gerðu lífeyrissjóðirnir með sér samkomulag um samskipti sín á milli, því eins og gefur að skilja eiga margir lífeyrisréttindi í fleiri en einum sjóði. Samkomulagið hefur oft verið endurskoðað í tímans rás, síðast árið 2010. Nú er á vegum réttindanefndar unnið að heildarendurskoðun á samkomulaginu og miðar þeirri vinnu vel en að ýmsu er að huga.

Starfsmenn lífeyrissjóða eru gæslumenn ríkra almannahagsmuna og á þeim hvílir mikil ábyrgð. Landssamtökin njóta þess mikla mannaúts sem er að störfum hjá íslenskum lífeyrissjóðum og í stjórnnum sjóðanna. Þetta góða fólk er reiðubúið að leggja á sig mikla vinnu sjóðunum og sjóðfélögum til heilla.


Ég vil þakka öllum sem tekið hafa þátt í starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða, starfsmönnum samtakanna, nefndarfólki og stjórn, gott samstarf á árinu 2017.

**Þorbjörn Guðmundsson**

### HREIN RAUNÁVÖXTUN 1995 TIL 2017



### HREIN RAUNÁVÖXTUN 2006 TIL 2017



# Stjórn og starfsfólk

**Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörtímabil er þrjú ár og skal árlega kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann.**

Starfandi uppstillingarnefnd gerði tillögur til aðalfundar um skipan stjórnar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, skipaðir til þriggja ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign. Í nefndinni fyrir árin 2018–2021 sitja: Sigurður Bessason (ASÍ; til vara Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir), Helga Jónsdóttir (BSRB), Arnar Sigurmundsson (SA), Guðrún Ögmundsdóttir (ríki og sveitarfélög) og Ásdís Eva Hannesdóttir (blandaðir sjóðir).

Samkvæmt samþykktum LL ber uppstillingarnefnd að hafa það að markmiði við tillögugerð sína að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Fulltrúar í stjórn eiga að vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Tillögur nefndarinnar

voru lagður fyrir aðalfund LL sem haldinn var 23. maí 2017.

**Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til þriggja ára:**

Erla Jónsdóttir  
Gylfi Jónasson  
Þorbjörn Guðmundsson

**Aðalmaður til tveggja ára:**  
Guðrún Hafsteinsdóttir

**Aðrir stjórnarmenn:**  
Arnaldur Loftsson  
Harpa Ólafsdóttir  
Haukur Hafsteinsson  
Huld Aðalbjarnardóttir  
Kristbjörg Stephensen

**Varamaður til þriggja ára:**  
Erla Ósk Ásgeirsdóttir

**Aðrir varamenn:**  
Hulda Rós Rúriksdóttir  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktar samtakanna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og á fyrsta fundi stjórnarinnar var samþykkt að Þorbjörn Guðmundsson yrði áfram formaður. Stjórnin hélt alls 12 fundi á starfsárinu.

Milli stjórnarfunda eru haldnir fundir reglulega þar sem formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL undirbúa stjórnarfundir og fara yfir helstu mál sem í gangi eru hverju sinni.

**Framkvæmdastjóri** er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri, og Stefán Halldórsson sem hefur komið að ýmsum verkefnum fyrir samtökin á árinu sem sérfræðingur á sviði lífeyrismála.

LL hafa, líkt og undanfarin ár, unnið í góðu samstarfi við Greiðslustofu lífeyrissjóða sem annast ýmis almenn skrifstofustörf fyrir samtökin.

**Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða:**  
Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri  
Jóhanna Ólafsdóttir  
Sara Jóna Stefánsdóttir



**Þorbjörn Guðmundsson, formaður**



**Haukur Hafsteinsson, varaformaður**



**Arnaldur Loftsson**



**Erla Jónsdóttir**



**Guðrún Hafsteinsdóttir**



**Gylfi Jónasson**



**Harpa Ólafsdóttir**



**Huld Aðalbarnardóttir**



**Kristbjörg Stephensen**



**Erla Ósk Ásgeirsdóttir**



**Hulda Rós Rúriksdóttir**



**Sigurbjörn Sigurbjörnsson**






F.v.: Þórey S. Þórðardóttir, Matthildur Hermannsdóttir, Sara Jóna Stefánsdóttir, Rakel F. Björnsdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir. Á myndina vantar Stefán Halldórsson.

# Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða


## Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:

- Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.
- Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða, svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.

## ÁRLEG ÞRÓUN HREINNAR EIGNAR TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS



## HLUTFALL ERLENDRA EIGNA



# Aðalfundur Landssamtaka Lífeyrissjóða 2017

**Landssamtök Lífeyrissjóða héldu aðalfund á Grand Hótel Reykjavík 23. maí 2017. Þorbjörn Guðmundsson, formaður samtakanna, setti fundinn. Arnar Sigurmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, var kjörinn fundarstjóri og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL, var kjörin fundarritari.**

## Skýrsla stjórnar

Formaður fjallaði um starfsemi LL á starfsárinu 2016. Þar kom meðal annars fram eftirfarandi:

- Sterkt gengi krónunnar, lækkandi vextir og lækkandi verð á hlutabréfum hér innanlands settu óhjákvæmilega sinn svip á afkomu sjóðanna á árinu 2016. Raunávöxtun ársins var neikvæð, eða um 0,3%, en síðastliðin fjögur ár hefur raunávöxtunin verið umfram þau 3,5% sem stuðst er við í tryggingafræðilegu uppgjöri sjóðanna. Raunávöxtun undanfarin fimm ár var að jafnaði 5,6% og 0,8% undanfarin 10 ár. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og það hvernig til tekst til lengri tíma er það sem mestu máli skiptir fyrir sjóðina.
- Lífeyrissjóðakerfið fer ört stækkandi og hafa umræður um áhrif þess á hagkerfi landsins verið háværar. Heildareignir þess í lok árs 2016 námu um 3.514 milljörðum króna. 78% eignanna eru hér innanlands. Landssamtökin telja mikilvægt að fagleg rýni verði fengin á málið og hefur málið verið borið upp við Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið. Gylfi Magnússon, dósent við HÍ, hafði framsögu á aðalfundinum um efnið.
- Losun fjármagnshafta í mars 2017 var gríðarlega mikilvægt skref fyrir lífeyrissjóðina. En frá miðju ári 2015 höfðu þeir þó fengið takmarkaðar undanþáguheimildir til kaupa á erlendum verðbréfum fyrir samtals 95 milljarða króna. Höftin urðu þess valdandi að hlutfall lífeyrissjóða í eignum í erlendri mynt er mun lægra en æskilegt er eða rétt um 22%.
- Auknar fjárfestingar í erlendri mynd í framtíðinni munu þýða minni umsvif í fjárfestingum innanlands. Starfshópur sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra um erlendar fjárfestingar benti á að æskilegt kunni að vera að skoða leiðir til að koma í veg fyrir að gengisáhætta vegna erlendra eigna valdi vandræðum fyrir sjóðina vegna mikilla sveiflna á réttindum sjóðfélaga og þá einkum lífeyrisþega.
- Á stefnumótunarfundi LL sl. haust var samþykkt að almannatengsl fengju aukið vægi í starfsemi samtakanna og því hafa fræðslu- og kynningarmálin verið fyrirferðarmikil á árinu. Ásýnd landssamtakanna hefur tekið stakkaskiptum eins og sjá má á kápu starfsskýrslu ársins þar sem þrjár kynslóðir kvenna prýða nú allt kynningarefni samtakanna. Ný sjónvarpsauglýsing samtakanna var sýnd í sjónvarpi og kvikmyndahúsum og ný vefsíða Lífeyrismál.is og Facebook-síða með sama nafni voru opnaðar við hátíðlega athöfn í febrúar.
- Breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem taka gildi 1. júlí nk. gera ráð fyrir að sjóðirnir setji sér síðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Mikilvægt er að hver og einn lífeyrissjóður setji sér hófleg mælanleg markmið og móti sér eigin stefnu um þessi mál.
- Í umræðu um fasteignafélög sem kaupa og byggja íbúðarhúsnæði og endurleigja er því haldið á loft að lífeyrissjóðir séu stórir eigendur og knýi á um háa arðsemi sem endurspeglar í hárra leigu til almennings. Staðreyndin er hins vegar sú að lífeyrissjóðir eiga vel innan við 10% í tveimur stærstu leigufélögum. Vandinn er fyrst og fremst skortur á íbúðarhúsnæði og takmörkuð samkeppni sem hefur ekkert með lífeyrissjóði að gera.
- Umræðan um að tryggja þurfi beinar kosningar til stjórna lífeyrissjóða hefur verið hávæð án þess að það hafi verið útfært hvernig að slíkum kosningum skuli standa. Hver verður til dæmis bakhjarl kerfisins ef tengslin við vinnumarkaðinn

yrðu rofin? Aðilar vinnumarkaðarins hafa undanfarið verið að opna á nýjar leiðir varðandi val á stjórnarmönnum sem verður áhugavert að fylgjast með hvernig þróast.

- Nýleg samantekt, sem unnin var á vegum LL, um samanburð lífeyriskerfa á Íslandi, í Bretlandi, Danmörku, Hollandi og Svíþjóð sýnir að íslenska lífeyriskerfið kemur vel út. Ísland er með söfnunarkerfi og greiðir afgerandi hæst hlutfall ellilífeyris í samanburði við hin löndin sem flest eru með opinber gegnumstreymiskerfi. Ísland sker sig úr með mikilli tekjutengingu lífeyris úr opinbera kerfinu og er eina landið þar sem lífeyrir úr opinbera kerfinu fellur niður ef tekjur frá lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk.
- Á árinu var stigið stórt skref til aðlögunar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna að því kerfi sem er á almenna vinnumarkaðnum. Er það gert til að allir búi við sambærilegt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti auðveldlega fært sig til á vinnumarkaði án þess að það hafi teljandi áhrif á réttindi þeirra. Þessu ber að fagna.
- Á almenna vinnumarkaðnum var samið um hækkun á iðgjaldi í lífeyrissjóði til jafns við það sem verið hefur hjá starfsmönnum á opinberum vinnumarkaði. Hækkunin tekur gildi í áföngum og verður að fullu komin til framkvæmda 1. júlí 2018.
- Í kjarasamningi SA og ASÍ er gert ráð fyrir að sjóðsfélagi geti ráðstafað auknu lágmarks

skyldubundnu lífeyrisframlagi að hluta eða að öllu leyti í tilgreinda séreign. Fyrir liggur að ekki tekst að framkvæma þær lagabreytingar sem stefnt var að á yfirstandandi þingi en mikilvægt er að vel takist til um þessa framkvæmd svo hægt sé að standa við gefin fyrirheit.

- Umræðan um lífeyrissjóðina einkennist iðulega af upphrópunum og fullyrðingum sem eiga sér litla eða enga stoð í veruleikanum. Erfitt getur verið að bregðast við vegna þess að áhugi fjölmiðla virðist meiri á slíkum málflutningi en málefnalegri umræðu.
- Af umræðunni megi oft skilja að þeir sem sýsla með lífeyrismál séu hópur spilltra einstaklinga sem hugsi fyrst og fremst um eigin hagsmuni. Þetta eru miklar ranghugmyndir um það mikla og góða starf sem fram fer hjá lífeyrissjóðunum.
- Starfsmenn lífeyrissjóða eru gæslumenn mikilla almannahagsmuna og því hvílir mikil ábyrgð á okkur. Við þurfum að vanda okkur í öllu sem við gerum, tryggja gegnsæi og efla upplýsingaflæði bæði til sjóðsfélaga og almennings.
- Landssamtökin njóta þess mikla mannauðs sem er að störfum hjá íslenskum lífeyrissjóðum og að starfi samtakanna kemur fjöldi fólks sem er tilbúið að leggja fram mikið vinnuframlag, bæði í stjórn og starfsnefndum.
- Á þessum ársfundi urðu þau tímamót að Arnar Sigurmundsson lét af stjórnarstörfum eftir

setu í stjórn samtakanna frá stofnun þeirra árið 1999. Formaður færði Arnari þakkir fyrir frábært starf í þágu íslenskra lífeyrissjóða um áratuga skeið og þá sérstaklega allt það starf sem hann innti af hendi í tengslum við bankahrunið. Úlfari Steindórssyni var einnig þakkað fyrir hans stjórnarsetu. Öllum sem tekið hafa þátt í starfsemi LL, starfsmönnum, nefndarfólki og stjórn var þakkað gott samstarf.

### Ársreikningur 2016

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2016 og breytingar frá fyrra ári. Rekstrartekjur ársins voru 110 milljónir króna og rekstrargjöld 122,6 milljónir króna. Tap af starfseminni varð 9 milljónir króna. Eigið fé LL var 76,8 milljónir króna í árslok 2016 og eigið fé og skuldir samtals 94,7 milljónir króna.

### Breytingar á samþykktum

Gerðar voru tvær breytingar á samþykktum Landssamtaka lífeyrissjóða.

Samþykkt var samhljóða að nafni Eigna- og áhættustýringarnefndar, sbr. 2. mgr. 10. gr. samþykktu LL yrði breytt í **Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða**.

Samþykkt var samhljóða breyting á 1. og 2. mgr. 11. gr. í samþykktum LL. Greinin verður svohljóðandi:

Stjórn samtakanna skal afgreiða fjárhagsáætlun ársins.

Aðildarsjóðir skulu greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi samtakanna. Gjaldinu skal skipt upp í annars vegar fast gjald og hins vegar breytilegt sem tekur mið af hundraðshluta heildareigna sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt síðustu birtu ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins.

#### **Kjör stjórnar og varastjórnar**

Arnar Sigurmundsson lét af stjórnarstörfum eftir áratuga farsæl stjórnarstörf en Arnar sat í stjórn LL frá upphafi og var formaður hennar 2006–2012.

#### **Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til þriggja ára:**

Erla Jónsdóttir  
Gylfi Jónasson  
Þorbjörn Guðmundsson

#### **Aðalmaður til tveggja ára:**

Guðrún Hafsteinsdóttir

#### **Varamaður til þriggja ára:**

Erla Ósk Ásgeirsdóttir

#### **Kjör endurskoðanda**

Samþykkt var að KPMG ehf. yrði áfram endurskoðandi LL.

#### **Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna**

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun til hvers stjórnarmanns verður 82 þús. kr. á mánuði, þóknun varaformanns stjórnar 123 þús. kr. á mánuði og þóknun til formanns stjórnar 164 þús. kr. á mánuði. Þóknun til varamanna í stjórn verður 41 þús. kr. fyrir hvern setinn fund.

Einnig var samþykkt samhljóða að formenn fasta-nefnda samtakanna fengju greidda þóknun sem þeir væru almennir stjórnarmenn, 82 þús. kr. á mánuði.

#### **Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2017. Þar var rekstrarkostnaður áætlaður 154,7 millj. kr., svipaður og árið áður og haldið var áfram með aukna áherslu í fræðslu- og kynningarmálum.

#### **Önnur mál**

Arnar Sigurmundsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði hlý orð í sinn garð. Hann sagði mikla samheldni meðal lífeyrissjóðanna sem hefði skipt sköpum á miklum umbrotatímum.

Að hefðbundnum aðalfundarstörfum loknum flutti Gylfi Magnússon, dósent við HÍ, erindið „Rýnt í þróun íslenska lífeyrissjóðakerfisins“.

# Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2017

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar samtakanna eftir aðalfundinn 23. maí 2017 skipti hún með sér verkum og var Þorbjörn Guðmundsson endurkjörinn formaður. Hann hefur því leitt samtökin farsælega í þrjú starfsár.

Starfsemi landssamtakanna er afar fjölbreytt. Þeim berast margvísleg erindi og er leitað umsagnar og samráðs um málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma. Á vegum samtakanna er fjölda umsagna skilað, s.s. til þingnefnda, ráðuneyta og FME. Talsvert berst af fyrirspurnum frá starfsfólki lífeyrissjóða og almennum fyrirspurnum frá sjóðfélögum hefur fjölgað töluvert með tilkomu vefsins Lífeyrismál.is. Starfsmenn LL leggja sig fram við að leiðbeina eftir bestu getu eða finna þeim erindum sem berast réttan farveg. Mikill fjöldi almennra fyrirspurna fær faglega úrlausn og afgreiðslu starfsfólks Greiðslustofu lífeyrissjóða.

Strax á vormánuðum fór stjórn samtakanna yfir það hvar áherslurnar í starfinu skyldu liggja þetta starfsárið. Til að móta stefnuna nánar og fela fastanefndum verkefni eftir atvikum var haldinn vinnu- og stefnumótunarfundur 24. ágúst sl. Þangað mættu, auk stjórnar LL og starfsmanna, formenn fastanefnda LL, Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs, Guðmundur Þór Þórhallsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs



Frá vinnu- og stefnumótunarfundi í Grímsnesi 24. ágúst 2017: Stjórn LL, framsögumenn og gestir.

verzlunarmanna, og Atli Rúnar Halldórsson, blaðamaður og ráðgjafi. Framsögumenn á fundinum voru Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra, Þorsteinn Víglundsson, þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra, og Andrés Jónsson, almannatengill. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, stýrði umræðum.

Niðurstöður fundarins voru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu og mótun stefnu LL fyrir starfsárið.

Verkefni LL á starfsárinu voru fjölmörg og einkum unnin í nefndum eða sérstökum vinnuhópum. Meðal helstu verkefna má nefna auknar áherslur í samskiptamálum og aukna upplýsingagjöf, fræðslumál, samspil lífeyriskerfisins við almannatryggingar, málefni sjóðanna, m.a.



**Þorsteinn Víglundsson og Halldór Benjamín Þorbergsson.**

endurskoðun á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða, auknar áherslur á persónuvernd, örugg gagnasamskipti og reglugerð um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Til að auka fræðslu til ungmenna réðust landssamtökin í gerð fræðslumyndbands, „Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek.“, þar sem því helsta er varðar samtryggingu og viðbótarlífeyrissparnað er haganlega komið fyrir, með örllítið kómísku ívafi, í 90 sekúndna myndbandi. Samtökin hafa

nýtt sér samskiptamiðla og öflugt ritstjórnarteymi sér til þess að alltaf sé nýtt og áhugavert efni á Lífeyrismál.is.

Samtökin hafa staðið fyrir fjölda funda, ráðstefna og fræðsluerinda á árinu og hafa allir viðburðir á vegum samtakanna verið vel sóttir.

Lunginn í starfsemi LL fer fram í starfshópum sem settir eru á laggirnar í tengslum við þau fjölbreyttu verkefni sem unnin eru á vegum



**Stilla úr myndbandinu Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek.**

samtakanna. Í samþykktum LL er gert ráð fyrir fjórum fastanefndum sem stjórn skipar til eins árs í senn. Hlutverk þessara nefnda nær yfir helstu svið sem LL er ætlað að sinna. Auk þess er jafnan að störfum fjöldi vinnuhópa sem hafa ákveðin afmörkuð verkefni. Til starfa í nefndum og vinnuhópum á vegum LL veljast stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða, auk þess sem leitað er til utanaðkomandi sérfræðinga.

# Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða

## NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA



F.v.: Davíð Rúdólfsson, Soffía Gunnarsdóttir, Björn Hjaltested Gunnarsson, Svandís Rún Ríkarðsdóttir, Ólafur Sigurðsson, Elísabet Þórey Þórisdóttir og Tómas N. Möller. Á myndina vantar: Harald Yngva Pétursson, Helgu Indriðadóttur, Jón L. Árnason og Jóhann Steinar Jóhannsson.

### Helstu verkefni

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri er viðkoma breytingum á lögum og reglum er viðkoma fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

### Sérstök verkefni 2017–2018

- Fylgjast með innleiðingu á reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnu, úttekt á ávöxtun. lífeyrissjóða o.fl. og koma sjónarmiðum sjóðanna á framfæri eftir því sem tilefni gefst.

- Skipuleggja málþing er viðkemur samfélagslega ábyrgum fjárfestingum.
- Skipuleggja námskeið um áhættustýringu lífeyrissjóða.

### Nefndarmenn:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Birtu lífeyrissjóði  
Björn Hjaltested Gunnarsson, LSR  
Davíð Rúdólfsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR  
Haraldur Yngvi Pétursson, Arion banka  
Helga Indriðadóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
Jón L. Árnason, Lífsverki  
Jóhann Steinar Jóhannsson, Stapa lífeyrissjóði  
(tók sæti Jónu Finndísar Jónsdóttur í ársbyrjun)  
Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði  
Svandís Rún Ríkarðsdóttir, Brú lífeyrissjóði  
(tók sæti Guðmundar Friðjónssonar í nóvember)  
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða (áður eign- og áhættustýringarnefnd) hélt sex fundi á árinu. Eitt af stærstu verkefnum nefndarinnar undanfarin misseri hefur verið aðkoma að breytingum á lögum og reglum er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og áhættustýringu. Haldin voru námskeið um áhættustýringu lífeyrissjóða á vegum Félagsmálaskóla alþýðu sem voru vel sótt. Nú er áherslan á reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða



og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Það er einróma mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að yfirfara reglugerðina og hefur nefndin haft frumkvæði að því að koma slíkum ábendingum á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

### Orðasafn

Til skoðunar hefur verið að LL standi að gerð orðasafns fyrir lífeyrissjóðina. Tungutak lífeyrismála er að mörgu leyti torvelt almenningi og stundum skortir á að tungutak meðal sjóðanna sé samhæft. Verkefnið er ærið og var ritstjóri Orðabanka Háskóla Íslands fenginn til fundar til að vega og meta kosti þess að orðabanki sjóðanna verði hluti af orðabanka Háskólans og þar með miðlægur og aðgengilegur starfsfólki sjóðanna en einnig almenningi.

### Undirbúningshópin skipa:

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, ritstjóri, LL  
Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum  
Helga Sveinbjörnsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum  
Ólafur Sigurðsson, Birtu lífeyrissjóði  
Þórhallur Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

### Vefsíða sem sýnir ávöxtun séreignar

Við höfum fundið fyrir þörf almennings fyrir betra aðgengi að valmöguleikum til ávöxtunar á viðbótarlífeyrissparnaði. Til að koma til móts við þessar þarfir var Stefán Halldórsson, verkefnastjóri LL, fenginn til að varða leiðina og Stefnu, hugbúnaðarfyrirtæki, falið að hanna síðu inni á Lífeyrismál.is þar sem þessar upplýsingar verða aðgengilegar. Stefnt er að formlegri opnun

## EIGNASÖFN SÉREIGNARLEIÐA

		ÁVÖXTUN		SAMSETNING 2017			
		5 ár	10 ár	Skulda- bréf	Hluta- bréf	Inn- stæður	Erlend mynt
Almenni lífeyrissjóðurinn	Ævisafn I	6,7%	5,0%	38%	57%	5%	48%
Almenni lífeyrissjóðurinn	Ævisafn II	6,8%	5,7%	57%	42%	5%	34%
Almenni lífeyrissjóðurinn	Ævisafn III	5,7%	2,9%	57%	16%	26%	15%
Birta lífeyrissjóður	Blönduð leið	9,6%	7,9%	46%	53%	1%	41%
Festa lífeyrissjóður	Sparnaðarleið 2	6,9%	7,5%	60%	39%	1%	29%

síðunnar á aðalfundi LL í ár. Einnig er til skoðunar að gera samtryggingarsjóðnum sambærileg skil.

### Málþing er varða fjárfestingarumhverfi

Í október stóðu LL fyrir kynningu sem bar yfirskriftina „Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og siðferðileg viðmið“. Þar fjallaði Kristján Guy Burgess, ráðgjafi um verkefni á alþjóðavettvangi, um nýjustu straua, leiðir sem alþjóðlegir lífeyrissjóðir hafa farið og hver þróunin hefur verið hjá helstu fyrirtækjum í eignastýringu.

Í byrjun febrúar stóðu LL fyrir málþingi þar sem fjallað var um ýmis viðmið og reglur af vettvangi Evrópusambandsins / ESS–svæðisins og

Alþjóðabankans er varðar þróun lífeyrskerfa. Í erindi Ólafs Sigurðssonar kom fram að hvað fjárfestingarumhverfi varðar, kunnir frumskilyrði Alþjóðabankans fyrir hönnun og þróun lífeyrskerfa að gagnast í málefnalegri umræðu á Íslandi. Á meðal skilyrða sem voru til umræðu voru raunhæfni, sjálfbærni og áreiðanleiki fjárfestinga. Þá voru tilgreind ákveðin hliðarskilyrði sem Ólafur lagði til að yrðu skoðuð til framtíðar, svo sem skilvirkni verðbréfa- og gjaldeyrismarkaða. Í máli Tómasar N. Möller kom fram að mikilvægt væri að vanda vel til verka við setningu nýrra reglna um starfsemi lífeyrissjóða því lagaleg óvissa væri undantekningarlaust til tjóns fyrir alla hlutaðeigandi.

Í því sambandi gætum við nýtt okkur margt sem fram hefur komið í nýlegri löggjöf ESB um starfstengda lífeyrissjóði, viðmiðum sem gefin hafa verið út af PensionsEurope (samtökum sem LL eiga aðild að) og leiðbeiningum frá OECD. Vikið var að nokkrum dæmum þar sem skort hafði á virkt samráð og samþættingu sjónarmiða. Meiri áhersla var þó lögð á góðar leiðir sem færar væru til að gera betur í þessu sambandi og mikilvægi þess að rýna í erlend viðmið og reynslu.

26. apríl stóðu IcelandSIF, í samstarfi við LL, fyrir morgunfundi um siðferðileg viðmið í fjárfestingum íslenskra lífeyrissjóða. Samtökin IcelandSIF voru stofnuð í nóvember 2017 til að „efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.“ Stofnendur voru fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingafélög. Meðal frummælenda á fundinum voru Salvör Nordal, siðfræðingur, Björn Z. Ásgrímsson, Fjármálaeftirlitinu, og liðsmenn úr vinnuhópi IcelandSIF, þau Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði, Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi- lífeyrissjóði, Óli Freyr Kristjánsson, Arion banka, Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, og Eva Margrét Ævarsdóttir, Arion banka. Farið var til dæmis rækilega yfir starfsemi og framkvæmd norræna áhrifasjóða í þessum efnum: Norska olíusjóðinn, AP sjóðina í Svíþjóð og ATP sjóðinn í Danmörku.


#### FRÁ FUNDI UM SIÐFERÐILEG VIÐMIÐ Í FJÁRFESTINGUM ÍSLENSKRA LÍFEYRISSJÓÐA, SEM HALDINN VAR Í APRÍL.



F.v.: Björn Z. Ásgrímsson, Salvör Nordal, Kristján Geir Pétursson, Árni Hrafn Gunnarsson, Tómas N. Möller, Eva Margrét Ævarsdóttir, Óli Freyr Kristjánsson og Þórey S. Þórðardóttir.

## Hádegisfræðsla

Svandís Rún Ríkarðsdóttir kynnti niðurstöður meistararitgerðar sinnar þar sem hún svarar spurningunni: Er hægt að beita tæknigreiningu til þess að vinna S&P500 vísitöluna?



Svandís Rún Ríkarðsdóttir.



Fundargestir.

## Námstefna í stjórnarháttum

Nú á vordögum var haldin heilsdags námstefna um stjórnarhætti í samstarfi við Nasdaq á Íslandi, SA og Viðskiptaráð Íslands. Var áherslan lögð á hagnýta nálgun fyrir bestu starfs-hætti fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki og fjármála-stofnanir. Tveir kanadískir sérfræðingar héldu fyrirlestra auk þess sem formaður stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs gerði grein fyrir þróun stjórnarháttanna hjá sjóðnum.



Hary Panday, Helga Hlín Hákonardóttir, Randy Bauslaugh, Danielle Pamela Neben og Harpa Ólafsdóttir.



Fundargestir.

**FRÁ FUNDI UM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR OG SIÐFERÐILEG VIÐMIÐ 19. OKTÓBER.**



**Dórey S. Þórðardóttir og Kristján Guy Burgess.**



**Árni Hrafn Gunnarsson og Tómas N. Möller.**

**FRÁ MÁLÞINGI UM MÓTUN LÍFEYRISKERFA OG HVAÐ UNNT SÉ AÐ LÆRA AF ALÞJÓÐASAMFÉLAGINU 1. FEBRÚAR.**



**Pallborðsumræður, f.v.: Dórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Ásdís Eva Hannesdóttir, varaformaður stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins, Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, og Tómas Njáll Möller, lögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.**



**Fundargestir.**

## RÉTTINDANEFND



Efri röð F.v.: Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, Sigríður Ómarsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur K. Ólafs, Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Haukur Jónsson, Árni Hrafn Gunnarsson, Kristján Geir Pétursson, Sigurður Kári Tryggvason. Fremri röð: Margrét Kristinsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Sigfús Eysteinnsson. Á myndina vantar Einar Ingimundarson.

### Helstu verkefni

- Yfirfara og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.

### Sérstök verkefni 2017–2018

- Beita sér varðandi mótun á framtíðarskipan á samspili greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða, bæði varðandi tekjutengingar ellilífeyris og víxlverkanir á greiðslum örorkulífeyris.
- Fylgjast með þeim þáttum sem áhrif hafa á

tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða, s.s. örorkulíkum og breytingum á lífslíkum.

- Koma að væntanlegri innleiðingu á mótvægisáðgerðum vegna fyrirsjáanlegra breytinga á lífslíknatöflum.
- Rýna þá þætti við meðhöndlun á örorkumálum sem æskilegt er að samræma og koma með tillögur í þeim efnum og leggja drög að uppfærðu Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða.

### Nefndarmenn:

Þóra Jónsdóttir, formaður, Brú lífeyrissjóði  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði  
Haukur Jónsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja  
Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði  
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Ólafur K. Ólafs, Lífeyrissjóði bænda  
Sigfús Eysteinnsson, Festu lífeyrissjóði  
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrisjóðnum  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda  
Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR  
Þorbjörn Guðmundsson, Birtu lífeyrissjóði

Réttindanefnd hefur á árinu haft til umfjöllunar fjölbreytt mál og má þar helst nefna breytingar á persónuverndarlöggjöf, innleiðingu á hálfum lífeyri og tilgreinda séreign. Enn fremur hefur nefndin haft á sinni könnu heildarendurskoðun á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða. Samkomulaginu hefur

í árunna rás verið breytt eftir því sem nauðsynlegt hefur þótt en nú er í fyrsta skipti unnið að heildstæðri endurskoðun.

Þar sem verkefnin hafa verið ærin á árinu hafa nokkrir undirhópar verið settir á lagginar. Nefndin hélt níu fundi á árinu, auk fjölda funda í starfandi undirhópum nefndarinnar.

Hér verða nefnd helstu verkefni á vegum nefndarinnar:

### **Ný persónuverndarlöggjöf**

Strax í haust fór af stað vinna við að rýna þá þætti í starfsemi lífeyrissjóðanna sem ný og væntanleg persónuverndarlöggjöf mun hafa áhrif á. Verkefnið er stórt í sniðum og var skipaður undirhópur á vegum nefndarinnar til að rýna þessi atriði. Hópurinn fundaði reglulega og kynnti viðamikla skýrslu sína og niðurstöður á fjölmönnum fundi á Grand Hótel Reykjavík í lok janúar. Gert er ráð fyrir að hópurinn starfi áfram til að meta þau mál sem upp kunna að koma við innleiðingu hjá sjóðunum. Eins þarf að huga að ýmsum atriðum, s.s. fræðslu til starfsmanna.

#### **Hópurinn skipa:**

Sigurður Kári Tryggvason, formaður, Almenna lífeyrissjóðnum  
Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR  
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði  
Fanny Ósk Mellbin, Brú lífeyrissjóði  
Helgi Einarsson, Fuglum

Margrét Lilja Magnúsdóttir, Inít  
Rebekka Ólafsdóttir, Gildi-lífeyrissjóði  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR  
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

### **Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða**

Undirhópur nefndarinnar hefur á árinu unnið að heildarendurskoðun á samkomulagi lífeyrissjóðanna um samskipti sín á milli. Í gegnum tíðina hefur samkomulaginu verið breytt eftir þörfum en það hefur aldrei verið tekið til gagngerrar endurskoðunar fyrr en nú. Sú vinna er tímafrek þar sem að mörgu er að hyggja, s.s. að samhæfa og einfalda ferla og gera samskiptaleiðir skýrari.

#### **Hópurinn skipa:**

Þóra Jónsdóttir, formaður, Brú lífeyrissjóði  
Anna Björk Sigurðardóttir, LSR  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði  
Margrét Sigurðardóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR  
Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði  
Örn Guðnason, Gildi-lífeyrissjóði

Breytt samkomulag kann að kalla á samþykktabreytingar og er nú stefnt að því að nýtt uppfært samkomulag liggi fyrir á árinu 2019.

### **Hálfur lífeyrir**

Með breytingum á almannatryggingalöggjöfinni sem tóku gildi 1. janúar 2018 var veitt heimild til töku hálfis lífeyris. Heimildin er háð því að viðkomandi taki jafnframt hálfan lífeyri hjá lífeyrissjóðum og þarf samanlagður hálfur lífeyrir frá TR og sjóðunum að lágmarki að ná fullum ellilífeyri almannatrygginga. Nokkur gagnrýni hefur verið á úrræðið þar sem það reynist aðeins nýttast þeim sem hafa mikil réttindi í lífeyrissjóðum. Vakin var athygli stjórnvalda á málinu og mun vera unnið að breytingum enda afar mikilvægt að heimildin verði almenn og standi öllum til boða sem raunhæfur valkostur til sveigjanlegra starfsloka.

Reglugerð um sveigjanlega töku ellilífeyris lá fyrir 29. desember og var strax hafist handa á vegum LL við undirbúning á útfærslu. Hálfur lífeyrir kallar á samþykktabreytingar og lagabreytingar hjá svonefndum B-deildar sjóðum og Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Undirhópur hefur verið að störfum við að rýna þau atriði sem huga þarf að vegna töku hálfis lífeyris.

#### **Hópurinn skipa:**

Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði,  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR  
Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Hópurinn hefur fundað reglulega og leitað liðsinnis

tryggingastærðfræðinga og tæknimanna vegna þeirra mála sem huga ber að. Hálfur lífeyrir kallar jafnframt á frekari upplýsingasamskipti milli lífeyrissjóða og TR. Fulltrúar úr vinnuhópnum hafa af þeim sökum fundað með TR til að kortleggja það hvernig þeim samskiptum verður best við komið.

Stefnt er að því að allur nauðsynlegur undirbúningur verði afstaðinn eftir aðalfundi sjóðanna nú í vor og að úrræðið taki gildi 1. september.

### **Tekjuupplýsingar frá RSK vegna örorkulífeyris – „vefgátt“**

Til að lífeyrissjóðum sé unnt að fylgja eftir virku tekjueftirliti vegna greiðslna á örorkulífeyri er nauðsynlegt að fá reglulegar upplýsingar frá RSK um tekjur. Bein upplýsingamiðlun frá RSK til lífeyrissjóða sparar sjóðfélögum skrefin og einfaldar umsóknar- og úrvinnsluferli. Sjóðfélagar gefa upplýst og undirritað samþykki sitt til lífeyrissjóða og þurfa því ekki sjálfir að útvega upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og eldri skattframtölum. Hjá RSK er nú unnið að hönnun vefgáttar þar sem sjóðfélögum verði gert fært að veita rafrænt samþykki sitt fyrir upplýsingaöflun sjóðanna. Þessi vinna hefur þó dregist, einkum vegna anna hjá tæknifólki RSK.

Upplýsingar hafa verið veittar samkvæmt eldri samningum en vegna hönnunar á fyrrgreindri vefgátt verða samningar endurnýjaðir. Ákveðið var að LL kæmi að málinu með það að markmiði að ná fram sameiginlegum samningi lífeyrissjóða um

aðgang að slíkum upplýsingum og var vinnuhópur settur á laggirnar til að fylgja málinu eftir.

#### **Hópin skipa:**

Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

Sigrún Hauksdóttir, Arion banka

Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Fundað hefur verið með RSK um málið og er nú beðið eftir drögum að samningi og að umrædd vefgátt komist í gagnið.

#### **Örorkuumsóknir**

Vegna samkomulags um samskipti lífeyrissjóða er það meginreglan að aðeins er um eina örorkuumsókn að ræða sem gildir sem umsókn fyrir alla viðkomandi sjóði. Því var í tengslum við upplýsingaöflun um tekjur frá RSK og vinnu við rýni á persónuverndarlöggjöfinni ákveðið að yfirfara umsóknareyðublöð um örorkulífeyri. Mikilvægt er að sjóðfélagar séu meðvitaðir um hvaða umboð þeir veita og hvernig farið er með þær upplýsingar í samskiptum milli lífeyrissjóða innbyrðis, til RSK, TR og VIRK.

Til að yfirfara eyðublöðin var settur á laggirnar vinnuhópur.

#### **Hópin skipa:**

Sigbrúður Jónsdóttir, formaður, Birtu lífeyrissjóði

Ástey Gunnarsdóttir, LSR

Guðbjörg Rúnarsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Jóney Gylfadóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

#### **Tilgreind séreign**

Með kjarasamningum ASÍ og SA frá því í janúar 2016 hækkar framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði í þrepum um 3,5%. Hækkunin verður að fullu komin til framkvæmda 1. júlí 2018. Sjóðfélagar hafa val um að setja þetta aukna framlag í samtryggingu eða svokallaða tilgreinda séreign. Ekki er um að ræða hefðbundinn séreignarsparnað þar sem þessi viðbót er háð ákveðnum takmörkunum. Aðilar vinnumarkaðarins leggja mikla áherslu á að innheimta á iðgjaldinu sé skilvirk og að sjóðfélagar séu upplýstir um muninn á ráðstöfun þess í samtryggingu eða séreign.

#### **Skipting ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka**

Vegna heimildar sjóðfélaga og maka til að skipta ellilífeyrisréttindum sínum með gagnkvæmum og jöfnum hætti hefur verið stuðst við sameignlegt samningseyðublað, læknisvottorð o.fl. Nú þykir tímabært að yfirfara allt það ferli, ekki síst í ljósi hertra reglna er viðkoma persónuverndarlöggjöfinni.

#### **Vinnuhópur var stofnaður og í honum sitja:**

Árni Hrafn Gunnarsson, formaður, Gildi-lífeyrissjóði

Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

### Útsending sjóðafélagayfirlita

Vinnuhópur á vegum réttindanefndar hefur verið með til skoðunar að einfalda útsendingu sjóðfélagayfirlita þar sem litið er bæði til umhverfis- og sparnaðarsjónarmiða. Minnisblað liggur fyrir og afstaða FME sömuleiðis. FME leggur ríka áherslu á að iðgjaldayfirlit verði birt þar sem sjóðfélögum er tamt að nálgast gögn, s.s. í heimabanka.

Þar sem megintilgangur með útsendingu yfirlita er að auka líkur á skilvirkri innheimtu iðgjalda og RSK annast aðeins innheimtu á lögbundnu iðgjaldi var ákveðið bíða með málið meðan ekki liggur fyrir hvort almennt iðgjald í lífeyrissjóði verði hækkað til samræmis við það iðgjald sem nú gildir samkvæmt flestum kjarasamningum.

#### Í vinnuhópi um málið sitja:

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

### VIRK - Þróunarráð

Þróunarráð VIRK hefur það hlutverk að stuðla að sameiginlegu verklagi lífeyrissjóðanna og VIRK. Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR, og Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu, hafa átt sæti í þróunarráðinu fyrir hönd LL um árabíl og töldu þær æskilegt að skipt væri um fulltrúa nú. Var leitað til Kristjáns Geirs Péturssonar með að taka sæti í ráðinu og sitja hann og/eða Sigbrúður Jónsdóttir frá Birtu lífeyrissjóði fundi ráðsins. Framkvæmdastjóri LL hefur jafnframt lagt áherslu á að hafa aðkomu að starfi þróunarráðsins enda eru miklar breytingar fram undan í tengslum við starfsgetumat ef af verður ásamt fleiri verkefnum.

### Örugg gagnasamskipti

Á árinu var tekið í notkun nýtt kerfi frá Advania sem gerir öll gagnasamskipti milli sjóðanna öruggari og einfaldari. Signet transfer heitir kerfið og hefur það einnig verið tekið í notkun við gagnasamskipti lífeyrissjóða við TR. Til skoðunar hefur verið að opna sérstaka vefgátt milli lífeyrissjóða og TR en

ákveðið var að doka með þá vinnu á meðan mál sem tengjast breyttri löggjöf um persónuvernd eru rýnd. Tveir vinnuhópar hafa verið að störfum undanfarið í tengslum við málið.

#### Hópur um örugg gagnasamskipti:

Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR  
Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Ólafur H. Nielsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Sverrir Már Viðarsson, Init  
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði

#### Hópur um ferla og umgengnisreglur í tengslum við Signet transfer:

Sara J. Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Ágústa H. Gísladóttir, LSR  
Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Kristíanna Jessen, LSR  
María Garðarsdóttir, Brú lífeyrissjóði



**FRÁ KYNNINGU Á NÝJUM REGLUM UM PERSÓNUVERND 30. JANÚAR.**



F.v.: Margrét Lilja Magnúsdóttir, Ásgrímur Skarphéðinsson, Sigurður Kári Tryggvason, Rebekka Ólafsdóttir, Þór Egilsson, Vala Rebekka Þorsteinsdóttir og Fanny Ósk Mellbin. Á myndina vantar Einar Ingimundarson og Helga Einarsson.



Hópurinn situr fyrir svörum.

**FRÁ KYNNINGARFUNDI TR UM LÍFEYRISRÉTTINDI Á MILLI LANDA MEÐ ÁHERSLU Á EES-SAMNINGINN 22. FEBRÚAR.**



F.v.: Anna María Elíasdóttir, Harpa Dögg Kristinsdóttir, Ágústa H. Gísladóttir, Bryndís Richter, Þóra Bryndís Árnadóttir, Elín María Guðbjartsdóttir, Ingibjörg Úlfarsdóttir, Guðrún G. Baldvinsdóttir, Kristín Níelsen og Anna Hugufrún Jónasdóttir.



F.v.: Helga Björg Gísladóttir, María Garðarsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Atli Rúnar Halldórsson, Jón L. Árnason, Herdís Óskarsdóttir, Halldór Halldórsson og Jakob Tryggvason.

## FRÆÐSLUNEFND

### Hlutverk fræðslunefndar

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrisjóði.
- Vinna að kynningarefni um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda síðunni Lífeyrismál.is

### Sérstök verkefni 2017–2018

- Umsjón með vinnu við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni.
- Fylgjast með og eftir atvikum styðja við framgang fjármálafræðsluverkefnisins Fjármálavits.
- Fylgja eftir gerð kennsluefnis fyrir framhaldsskóla.
- Koma með tillögur að aðferðum við að fræða almenning um lífeyrissjóðakerfið.
- Semja fræðslu- og námskeiðaáætlun samtakanna 2017–2018.

### Nefndarmenn:

Ágústa H. Gísladóttir, formaður, LSR  
Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum  
Gerður Björk Guðjónsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Harpa Ólafsdóttir, Gilði-lífeyrissjóði  
Huld Aðalbjarnardóttir, Stapa lífeyrissjóði  
Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði  
Ólafur Páll Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum  
Snædís Ögn Flosadóttir, EFÍA og LSBÍ

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, starfsmaður LL, starfaði með nefndinni.

Mikið hefur mætt á nefndinni á árinu því stjórn LL hefur sett fræðslumálin í öndvegi síðustu tvö ár. Nefndin hélt tíu fundi á árinu þar sem hún skipulagði og fylgdi eftir verkefnum sem lúta að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina, bæði er varða innri starfsemi þeirra og upplýsingar til sjóðfélaga og annarra.

Nefndin skipuleggur ýmsa fræðsluviðburði og í upphafi starfsárs setti hún fram mjög metnaðarfulla fræðslu- og námskeiðaáætlun. Hádegis-

fræðsluerindi fyrir starfsfólk og stjórnarmenn eru fastur liður í starfsemi nefndarinnar og hefur aðsóknin á árinu verið sérstaklega góð.

### Fræðsla fyrir starfsfólk og stjórnarmenn

Undanfarin ár hafa LL verið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu varðandi námskeiðahald fyrir starfsfólk og stjórnarmenn lífeyrissjóða. Í haust og vetur voru þrjú slík námskeið á dagskrá: „Áhættustjórnun lífeyrissjóða, kynning á efni nýrrar reglugerðar“ 21. september og endurtekið 26. febrúar vegna mikillar eftirspurnar, „Samfélagsleg ábyrgð í fjárfestingum lífeyrissjóða“ 19. mars og „Að setja siðferðileg viðmið“ 18. apríl.

Nefndin hefur einnig átt samtöl við Opna háskólann í Reykjavík og Endurmenntun HÍ og



F.v.: Arnaldur Loftsson, Harpa Ólafsdóttir, Ágústa H. Gísladóttir, Hrud Aðalbjarnardóttir, Gerður Björk Guðjónsdóttir, Jakob Tryggvason og Snædís Ögn Flosadóttir. Á myndina vantar Ólaf Pál Gunnarsson.

er nýlokið námskeiði á vegum Endurmenntunar um Fasteignalán til neytenda sem haldið var að tilstuðlan fræðslunefndar LL.

Í undirbúningi er námskeiðaáætlun fyrir stjórnarmenn þar sem lögð verður áhersla á að rifja upp með reglulegu millibili nauðsynlega þekkingu stjórnarmanna til að tryggja hæfi þeirra og leggja sérstaka áherslu á að kynna breytingar og nýjungar. Undirhópur hefur verið settur á laggirnar til að fylgja þessu verkefni eftir.

#### Í honum sitja:

Harpa Ólafsdóttir, Gildi-lífeyrissjóði  
Snædís Ögn Flosadóttir, EFÍA og LSBÍ  
Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði

#### Fræðsla til almennings

Vefurinn Lífeyrismál.is, sem fór í loftið í febrúar 2016, hefur verið í stöðugri þróun og hefur nefndin fylgst náið með framvindu hans. Á vefnum er markvisst unnið að því að stækka þann gagnabanka sem þar er fyrir til að bæta aðgengi almennings að upplýsingum um lífeyrismál. Lífeyrismálin geta verið flókin og er á vefnum leitast við að einfalda tungutak eftir mætti svo innihaldið komist betur til skila.

Undir Spurt & svarað á Lífeyrismál.is er að finna fjölda algengra spurninga er varða lífeyrissjóðakerfið sem leitast er við að svara á mannamáli og var áður að finna á vefnum Gott að vita. Á árinu var farið í heildarendurskoðun á efninu og



voru spurningarnar uppfærðar með tilliti til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað frá því þær voru gerðar. Á sama tíma var ráðist í endurskoðun á þýðingum sem til voru á ensku og pólsku og þeim síðan komið haganlega fyrir á nýjum vefsíðum undir Lífeyrismál.is. Lénin icelandpension.is og islandzkaemerytura.is voru tekin frá og lógó útbúin fyrir báðar síðurnar.



Útbúin hafa verið kynningarspjöld til að vekja athygli á síðunum og hefur þeim verið dreift til allra lífeyrissjóða og stéttarfélaga á landinu.

#### Fræðsla í skólum

##### Grunnskólar

Samningur LL við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vegna verkefnisins Fjármálavits var endurnýjaður á árinu. Einstaklega vel hefur tekist til með verkefnið og samstarfið. Starfsfólk lífeyrissjóðanna er mikill styrkur inn í þann góða hóp starfsfólks fjármálafyrirtækja sem sér um að heimsækja skólana og spjalla við elstu börn grunnskólans um þeirra eigin fjármál, launaseðilinn og allt sem honum fylgir og hugtakanotkun.

Leiðbeinendum lífeyrissjóðanna var boðið á undirbúningsnámskeið í húsakynnum SFF þar sem þeir fengu að spreyta sig á verkefnunum sem krakkarnir fá til að leysa og setja sig þar með í þeirra spor.

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá LL, á sæti í stýrihópi Fjármálavits en stýrihópurinn sér meðal annars um stefnumótun fyrir verkefnið. Í ársbyrjun hvöttu hagsmunaaðilar mennta- og menningarmálaráðherra til að sækja um að Ísland verði með í valkvæðum hluta PISA-könnunarinnar árið 2021 sem snýr að fjármálalæsi 15 ára nemenda og tóku LL þátt í því. Ráðherrann tók þeirri hvatningu vel og verður Ísland nú með í þessum hluta PISA árið 2021 sem gefur starfi Fjármálavits enn meira vægi.

### Framhaldsskólar

LL eru í samstarfi við ASÍ um kennslu í framhaldsskólum. Undanfarin ár hefur ASÍ boðið framhaldsskólanemum upp á fræðslu um réttindi og skyldur þeirra sem eru að byrja á vinnumarkaði. Starfsmaður ASÍ annast kennsluna með fyrirlestur og sýningu myndbanda. Réðust LL því í að framleiða myndband: „Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek.“ og er það nú nýtt til kennslu í framhaldsskólum auk þess sem



Stilla úr myndbandinu Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek.

það er mikið auglýst á Facebook og þá sérstaklega beint að yngri aldurshópum.

### Lífeyrisgáttin

Til skoðunar hefur verið að uppfæra Lífeyrisgáttina í þá veru að einnig verði hægt að fá heildaryfirlit yfir séreign, en hingað til hefur eingöngu verið

hægt að nálgast upplýsingar um réttindi í samtryggingarsjóðum. Ákveðnir tæknilegir örðugleikar er tengjast persónuvernd hafa tafið verkið. Málið verður áfram til skoðunar en stefnt er að því að gera allar upplýsingar sem varða réttindi sjóðfélaga eins aðgengilegar og mögulegt er.


MYNDIR FRÁ VINNUFUNDI FJÁRMÁLAVITS. STARFSFÓLK SJÓÐANNA UNDIRBÝR SIG FYRIR LEIÐBEINENDAHLUTVERKIÐ.



Halldóra Traustadóttir frá Íslandsbanka sem á sæti í stýrihópi Fjármálavits, Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri Fjármálavits, Ágústa H. Gísladóttir, formaður Fræðslunefndar LL, og Rakel F. Björnsdóttir, verkefnastjóri LL.



Leiðbeinendur setja sig í girinn.



Leiðbeinendur leysa verkefnið „Hvað kosta ég?“ en það er eitt af verkefnum sem krakkarnir fá.

**FRÁ KYNNINGU Á BREYTINGUM Á LÍFEYRISKERFI OPINBERRA STARFSMANNA. VALA REBEKKA ÞORSTEINSDÓTTIR HJÁ LSR OG ÞÓRA JÓNSDÓTTIR HJÁ BRÚ LÍFEYRISJÓÐI KYNNTU BREYTINGARNAR 30. JÚNÍ.**



**F.v.: María Garðarsdóttir, Guðríður Bjarney Ófeigsdóttir, Guðbjörg Rúnarsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir, Sigurveig Hjaltsted, Sigrún Sigurðardóttir og Þórunn Alfreðsdóttir.**



**F.v.: Þór Egilsson, Einar Freyr Jónsson, Margrét Kristinsdóttir, Sigrún Hildur Guðmundsdóttir, Sigurborg Reynisdóttir og Bjarney Sigurðardóttir.**



**F.v.: Sara Jóna Stefánsdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Matthildur Hermannsdóttir, Þórhildur Stefánsdóttir, Una Hafdís Hauksdóttir og Gunnar Baldvinsson.**



**F.v.: Anna G. Jóhannsdóttir, Júlíana B. Garðarsdóttir, Sólveig Heimisdóttir, Þórunn Magnúsdóttir, Ólöf E. Eysteinsdóttir, Ragnheiður K. Finnbogadóttir og Þorbjörg G. Blandon.**

FRÁ KYNNINGU Á NÝJU ÚRRÆÐI UM  
STUÐNING TIL KAUPA Á FYRSTU ÍBÚÐ  
16. ÁGÚST. Snædís Ögn Flosadóttir,  
framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ, og Jarþrúður  
Hanna Jónsdóttir, sviðsstjóri RSK, höfðu  
framsögu.



Snædís Ögn Flosadóttir.

FRÁ HÁDEGISFRÆÐSLUFUNDI MEÐ ÁSGEIRI JÓNSSYNI, HAGFRÆÐINGI OG DÓSENT VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, UM ÞRÓUNINA Á  
FASTEIGNA- OG LÁNAMARKAÐI 15. NÓVEMBER. Enn fremur var vakin athygli á vefsíðunum aurbjorg.is og herborg.is sem sýna  
samanburð allra húsnæðislána á Íslandi. Björn Brynjúlfur Björnsson hagfræðingur kynnti síðuna herborg.is.



F.v.: Ásgeir Jónsson og Björn Brynjúlfur Björnsson.



F.v.: Daníel Arason, Sigurður Kári Tryggvason og Garðar Jón Bjarnason.



F.v.: Kristín Gísladóttir, Hildur Ósk Brynjarsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Álfhildur Íris Arnbjörnsdóttir, Regína Jónsdóttir og Íris Hallvarðsdóttir.

FRÁ KYNNINGU TR Á FERLUM UMSÓKNA UM ÖRORKULÍFEYRI HJÁ STOFNUNINNI 4. APRÍL. Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri lífeyrisdeildar TR, hafði framsögu um málið.



Fundargestir.



Margrét Jónsdóttir.



F.v.: Guðrún G. Baldvinsdóttir, Elín M. Guðbjartsdóttir, Arnfríður Einarsdóttir, Bryndís Richter, Anna H. Jónasdóttir, Ágústa H. Gísladóttir og Kristín Nielsen.



F.v.: Bryndís Reynisdóttir, Guðrún Högnadóttir, Sigrún Þóra Björnsdóttir, Svala Sigurðardóttir, Sigbrúður Jónasdóttir, María Garðarsdóttir, Helga Björg Gísladóttir og Guðbjörg Rúnarsdóttir.



## SAMSKIPTANEFND

### Helstu verkefni

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.

### Sérstök verkefni 2017–2018

- Fylgjast með og styðja við vinnu greinaskrifateymis.
- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.
- Semja áætlun um samskipta- og kynningarmál samtakanna 2017–2018.

### Nefndarmenn:

Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Birtu lífeyrissjóði

Aðalbjörn Sigurðsson Gildi-lífeyrissjóði (tók sæti Björns Friðriks Brynjólfssonar frá 23. janúar)

Árni Guðmundsson, Gildi-lífeyrissjóði

Erla Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Guðrún Hafsteinsdóttir, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum

Haukur Hafsteinnsson, LSR

Þórdís Hadda Yngvadóttir, Brú lífeyrissjóði

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Þórhallur Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, starfsmaður LL, starfaði með nefndinni.

Samskiptanefndin vinnur þvert á aðrar nefndir.

Á vegum nefndarinnar eru dagleg málefni sjóðanna rædd og fulltrúar fjölmiðla upplýstir um þau viðfangsefni sem rétt er að koma til almennings. Nefndin kemur einnig að undirbúningi og skipulagningu verkefna í samstarfi við aðrar nefndir. Nefndin hélt tólf fundi á árinu.

### Samskiptaáætlun 2016–2018

Nefndin starfar samkvæmt heildstæðri áætlun í kynningarmálum lífeyrissjóðanna til tveggja ára í senn. Auknar áherslur hafa verið á fræðslu- og kynningarmál sem kölluðu á náið samstarf fræðslu- og samskiptanefndar. Kynningarátaki, sem hófst sumarið 2016, hefur verið fylgt eftir af krafti, meðal annars með öflugri vefsíðu, Lífeyrismál.is, Facebooksíðu undir sama nafni sem hefur nú meira



F.v.: Árni Guðmundsson, Erla Jónsdóttir, Þórhallur Jóseppson, Þórdís Yngvadóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Aðalbjörn Sigurðsson, Rakel Fleckenstein Björnsdóttir. Fyrir framan: Haukur Hafsteinnsson, Þorbjörn Guðmundsson og Þórey S. Þórðardóttir. Á myndina vantar Gunnar Baldvinsson.



LÍFIÐ ER  
FRAMUNDAN



STARFSÆVIN



HUGAÐ AÐ  
STARFSLOKUM

#### Þrjár kynslóðir kvenna þrýða forsíðu vefs samtakanna Lífeyrismál.is.

en 1800 fylgjendur, og sýningu sjónvarpsauglýsingar sem LL létu gera 2016. Auglýsingin er sýnd bæði í kvikmyndahúsum og í sjónvarpi.

#### Viðbragðsáætlun

Nefndin kom sér á árinu upp viðbragðsáætlun gagnvart fjölmiðlum. Tilgangurinn var tvíþættur: Að vera fljótari að bregðast við þjóðfélagsumræðunni og þegar fjölmiðlar kalla eftir upplýsingum eða viðbrögðum og að skerpa á verkaskiptingu LL og sjóðanna þegar kemur að fjölmiðlum. Lífeyrissjóðirnir hafa fengið á sig réttmæta gagnrýni sem beinist að því að þeir séu ekki nógu duglegir að svara fyrir sig eða kerfið þegar að þeim er vegið. Það að hafa virka viðbragðsáætlun gerir alla ferla skýrari og yfirsýnina meiri. Viðbragðsáætlun og svokallað umræðuborð, þar sem haldið

er utan um þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, gera LL og sjóðunum kleift að sýna frumkvæði og þannig leggja sitt af mörkum til að umræðan verði uppbyggileg og til gagns. Til að útfæra þetta og brýna menn var leitað til Andrésar Jónssonar, almannatengils, og hafa ráðleggingar hans nýst vel á mörgum sviðum.

#### Viðhorfskannanir

Dagana 9.–22. apríl sl. framkvæmdi Maskína þriðju viðhorfskönnunina fyrir LL þar sem spurt var um viðhorf og þekkingu almennings á lífeyrissjóðum og lífeyrissjóðakerfinu. Kannanir þrjár sýna að almenningur treystir ekki lífeyrissjóðunum og er á brattann að sækja í þeim efnum. Hið jákvæða er að líklegt er að traust til lífeyrissjóðanna aukist með meiri upplýsingum um sjóðina og kerfið. Verkefnið

framundan er því ærið en mýmörg tækifæri í stöðunni.

#### Samskiptamiðlar

LL hafa verið á Facebook með síðuna Lífeyrismál.is í rúmt ár í samstarfi við samskiptamiðlafyrirtækið Sahara. Samstarfið hefur reynst afar farsælt og hafa línur fyrir komandi mánuði verið lagðar þar sem fókusinn verður á unga fólkið og til þess nýttir allir þeir miðlar sem unga fólkið notar í dag eins og Snapchat, Youtube og Instagram. LL eru einnig í samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) varðandi fjármálalæsisverkefnið Fjármálavit en það er hugsað fyrir elstu bekki grunnskóla. LL eru einnig komin með tærnar inn í framhaldsskólana í gegnum kennslufulltrúa ASÍ og var myndband (Lífeyrissjóðirnir á 90 sek.) útbúið af því tilefni.

Stefnt er að því að gera háskólastúdentum kleift að nálgast upplýsingar um lífeyrismál og eigin réttindi á aðgengilegan hátt.

Á Facebook höfum við í færslunum okkar reynt að miðla jákvæðum og upplýsandi fréttum og hvatt fólk til að kynna sér vefinn okkar. Vefurinn Lífeyrismál.is er hugsaður sem gagnagrunnur upplýsinga þar sem allt nýtt efni í formi viðtala og greina er hugsað sem ítarefni við Spurt og svarað á vefnum.

### Greinaskrif

Öflugt „greinateymi“ er að störfum sem tekur viðtöl við sjóðfélaga í leik og starfi og skrifar greinar um þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Efnið er síðan birt á Lífeyrismál.is og sent út í fréttabréfi annað hvort inn á við í Mánaðarpósti eða út á við í Fréttabréfi sem berst áskrifendum.

### Greinateymið skipa:

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, ritstjóri, LL  
Aðalbjörn Sigurðsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Atli Rúnar Halldórsson, blaðamaður og ráðgjafi  
Þórdís Hadda Yngvadóttir, Brú lífeyrissjóði  
Þórhallur Jóseppson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Mikið starf hefur verið unnið í kynningar- og fræðslumálum á árinu, bæði innan LL og hjá sjóðunum sjálfum. Það að sjóðirnir eru að ráða til sín upplýsingafulltrúa gerir allt kynningarstarf mun markvissara.



Hagtöluhópur LL. F.v.: Þórhildur Stefánsdóttir, Þorkell Sigurgeirsson, Sara Jóna Stefánsdóttir og Þór Egilsson.

### Hagtöluhópur

Á vegum nefndarinnar er starfandi hagtöluhópur sem tekur saman ítarleg gögn um helstu hagtölur sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Gögnin gefa mikilvægar upplýsingar um hagstærðir sjóðanna í íslensku hagkerfi og ávöxtun og greiðslur lífeyris til sjóðfélaga. Hagtölurnar eru aðgengilegar á Lífeyrismál.is.

### Hópin skipa:

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Þorkell Sigurgeirsson, LSR  
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

### Verða lífeyrissjóðirnir of stórir fyrir Ísland?

Mikil og þörf umræða hefur undanfarið verið um stærð lífeyrissjóðanna í hagkerfinu og óneitanlega

vaknar sú spurning hvort íslenska lífeyrissjóðakerfið sé orðið of stórt miðað við hagkerfi landsins. Eignir lífeyrissjóðanna eru um ein og hálf landsframleiðsla og eiga sjóðirnir um þriðjung af heildar fjármunum á Íslandi. Landssamtökin efndu til morgunverðarfundar í samstarfi við vefmiðilinn Kjarnann þar sem leitast var við að svara þessari spurningu. Fundurinn var sendur út beint á vef Kjarnans, á Facebooksíðu Kjarnans og á Facebooksíðu Lífeyrismála.is. Framsögumenn voru Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræði við HÍ, Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, og Jón Þór Sturluson, starfandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Fundarstjórnandi var Fanney Birna Jónsdóttir, aðstoðarfréttastjóri Kjarnans.

### Pensions United

Landssamtökin komu að fótboltabúningakaupum fyrir Pensions United. Liðið er sameiginlegt lið lífeyrissjóðanna og tók þátt í fótboltafyrirkomum á árinu.



Pensions United

### FRÁ FUNDINUM „VERÐA LÍFEYRISSJÓÐIR OF STÓRIR FYRIR ÍSLAND?“ 9. MAÍ.



F.v.: Már Guðmundsson, Gylfi Magnússon, Jón Þór Sturluson, Þorbjörn Guðmundsson og Fanney Birna Jónsdóttir.



Fundargestir

## ÚRSKURÐAR- OG UMSAGNARNEFND

---

Samkvæmt 10. gr. Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða ber Landssamtökum lífeyrissjóða að skipa í úrskurðar- og umsagnarnefnd. Ákvæðið er svohljóðandi:

Skipa skal þriggja manna úrskurðar- og umsagnarnefnd til að fjalla um mál er varða framkvæmd samkomulags þessa. Landssamtök lífeyrissjóða skipa nefndarmenn þessa ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.

Nefndin var endurskipuð þann 28. júní 2016 til fjögurra ára.

### **Hana skipa:**

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR  
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Örn Guðnason, Gildi-lífeyrissjóði

### **Varamenn:**

Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda  
Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

# Samskipti við stjórnvöld, aðila vinnumarkaðarins og fleiri

**Mikilvægur þáttur í starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma sjónarmiðum er varða hagsmuni lífeyrissjóðanna á framfæri við stjórnvöld, stofnanir, þingnefndir og sérfræðingahópa sem stjórnvöld hafa skipað. Samtökin leggja áherslu á að eiga góð samskipti við stjórnvöld á hverjum tíma.**

Samtökin hafa sent fulltrúa sína á fundi og skilað inn fjölda umsagna um lagafrumvörp og reglur Fjármálaeftirlitsins er varða lífeyrissjóði á einn eða annan hátt. Umsagnir LL eru birtar á heimasíðu samtakanna.

## Fundir með fulltrúum FME

Fulltrúar LL og FME hafa undanfarin ár haldið reglulega fundi þar sem farið er yfir helstu málefni er varða verkefni FME og lífeyrissjóðanna. Þessir fundir hafa reynt afar gagnlegir og er ætlað að efla traust og góð samskipti milli lífeyrissjóðanna og eftirlitsins.

## Skýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði þann 21. mars 2017 starfshóp sem var annars vegar falið að kortleggja árlega fjárfestingargetu lífeyrissjóðanna og hins vegar að meta hvort æskilegt sé að breyta núverandi löggjöf um erlendar fjárfestingar

lífeyrissjóðanna, einkum með tilliti til þess hvort rétt sé að áskilja lágmarksfjárfestingar erlendis (gólf) eða hámarksfjárfestingar erlendis (þak).

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, var formaður nefndarinnar en í henni voru að auki Hersir Sigurgeirsson, dósent við Háskóla Íslands, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, og Fjóla Agnarsdóttir, hagfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni 18. apríl 2017 og var mótfallinn því að sett yrði lagalegt „gólf“ eða „þak“ fyrir erlendar eignir lífeyrissjóða en benti á leiðir til að koma í veg fyrir að gengisáhætta vegna erlendra eigna valdi umtalsverðum vandræðum fyrir lífeyrissjóðina og sjóðfélaga.

## Skýrsla starfshóps forsætisráðherra um hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs

Í janúar kom út skýrsla um umsvif lífeyrissjóða í íslensku efnahagslífi, ásamt greinargerð frá Hagfræðistofnun og álitserð frá Landslögum um áhrif lífeyrissjóða á samkeppni. Skýrslan er afrakstur starfshóps sem skipaður var af forsætisráðherra, í samráði við ráðherranefnd um efnahagsmál, og var innihald hennar kynnt starfsmönnum og stjórnarmönnum lífeyrissjóða á fjölmönnum fundi 24. janúar.

## Í starfshópnum sátu:

Gunnar Baldvinsson, formaður, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins  
Áslaug Árnadóttir, lögmaður  
Eggert Benedikt Guðmundsson, verkfræðingur

Með starfshópnum störfuðu Sigrún Ólafsdóttir í forsætisráðuneytinu og Björn Z. Ásgrímsson í Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt var leitað til Hagfræðistofnunar sem tók að sér að kanna umsvif lífeyrissjóða í íslensku efnahagslífi. Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, annaðist það verk ásamt Ágústi Arnórssyni hagfræðingi.

Skýrsla starfshópsins er mikilvægt innlegg í umræðuna um þróun og áhrif lífeyrissjóða á íslenska hagkerfið.

## Ný og breytt persónuverndarlöggjöf

Undirhópur réttindanefndar hefur unnið mikið starf við að kortleggja þau málefni sjóðanna sem huga þarf að vegna breytinga sem væntanlegar eru á persónuverndarlöggjöfinni. Haldnir hafa verið kynningarfundir með starfsfólki og stjórnarmönnum og leitað hefur verið til sérfróðra ráðgjafa. Málið er mjög umfangsmikið og vinna nú sjóðirnir skipulega að því að laga sig að breyttu umhverfi að þessu leyti.

### **Heildarendurskoðun á reglugerð um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða**

Fundað hefur verið með ráðuneytisstjóra og sérfræðingum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu vegna reglugerðar nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Stendur nú til að yfirfara reglugerðina í opnu ferli, væntanlega í gegnum Samráðsgáttina. Fulltrúar í nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða munu halda áfram að vinna að þessu verkefni fyrir hönd LL.

### **Heildarendurskoðun á lífeyrissjóðalögum**

Rætt hefur verið um að tímabært sé að ráðast í heildarendurskoðun á lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997. LL munu leggja ríka áherslu á að hafa aðkomu að þeirri vinnu, enda mikilvægt að litið sé til allra þátta til að sátt skapist um lífeyrissjóðakerfið til framtíðar.

### **Samtalið um stærð lífeyrissjóðanna í hagkerfinu**

9. maí sl. stóðu LL, í samstarfi við vefmiðilinn Kjarnann, fyrir morgunverðarfundum þar sem leitast var við að svara þeirri spurningu hvort íslenska lífeyrissjóðakerfið sé of stórt miðað við hagkerfi landsins. Framsögu höfðu Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar LL, Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræði við HÍ, og Jón Þór Sturluson, starfandi forstjóri FME. Nánari umfjöllun og myndir er að finna undir Samskiptanefnd.

### **Framtíðarskipan örorkumála**

Hugmyndir hafa verið uppi um að koma á laggirnar hópi sem fengi það hlutverk að setja upp sviðsmyndir fyrir framtíðarskipan örorkulífeyrismála og marka þannig hlutverk lífeyrissjóða annars vegar og almannatrygginga hins vegar. Málið var tekið upp við stjórnvöld en vegna stjórnarskipta hefur málið dregist.

### **Breytingar á lögum um almannatryggingar – afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna**

Um áramótin urðu þær breytingar á lögum um almannatryggingar að sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna að upphæð 100 þús. kr. á mánuði bættist við. Frítekjumark vegna annarra skattskyldra tekna er óbreytt, 25 þús. kr. á mánuði. Ákvæðið kom til framkvæmda 1. febrúar. Þessi breyting er af hinu góða en hentar ekki öllum. Margir hafa ekki starfsgetu og þurfa að treysta á sparnað sinn, s.s. með greiðslum í lífeyrissjóði. Mikilvægt er að þeir sem komnir eru á lífeyristökualdur hafi fjárhagslegan hag af því að afla sér tekna með atvinnu, en það er ekki síður mikilvægt að lífeyrisþegar sjái hag sinn í að hafa lagt fyrir í lífeyrissjóð. LL telja að tekjutengingar gangi allt of langt og hafa komið þeim skilaboðum á framfæri við stjórnvöld.

### **Umsagnir**

Landssamtökin hafa sent inn umsagnir um lagafrumvörp eftir því sem þurfa þykir, s.s. um drög að frumvarpi til nýrrar persónuverndarlaga, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga, breytingu á lögum um hlutafélög, frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð og fleira.

### **BREXIT**

Utanríkisráðuneytið hefur haldið LL upplýstu um stöðu mála varðandi BREXIT og hafa framkvæmdastjóri og formaður stjórnar sótt fundi vegna málsins.

FRÁ KYNNINGU Á SKÝRSLU STARFSHÓPS FORSÆTISRÁÐHERRA UM HLUTVERK LÍFEYRISSJÓÐA Í ATVINNULÍFINU 24. JANÚAR 2018.



F.v.: Eggert Benedikt Guðmundsson, Gunnar Baldvinsson, formaður nefndarinnar, Áslaug Árnadóttir, Björn Z. Ásgrímsson og Sigurður Jóhannesson. Á myndina vantar Sigrúnu Ólafsdóttur.



Þorbjörn Guðmundsson og aðrir fundargestir.



# Erlent samstarf


**Landssamtök lífeyrissjóða eru aðili að PensionsEurope sem er samstarfsvettvangur 23 samtaka lífeyrissjóða frá 20 ESB og EFTA löndum. Þátt-takan er í formi áheyrnaraðildar. Hún felur í sér rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra eins og málefnavarfrá og sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB, sem og þátttöku í könnunum á vegum PensionsEurope.**

Aðild að samtökunum veitir LL þannig gott færi á að fylgjast með straumum og stefnum í þróun löggjafar ESB sem varðar lífeyrissjóði, sem og þróun þessara mála í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Reglusetning ESB tengd starfsemi lífeyrissjóða varðar Ísland beint í mörgum tilvikum þar sem stór hluti þeirra tilskipana og reglugerða ESB sem hér um ræðir varðar innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.

PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi (e. General Assembly Meeting) tvisvar á ári. Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr fundina ásamt framkvæmdastjóra LL. Þar eru til kynningar og umræðu þau atriði sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Nú er m.a. unnið að stefnumótun fyrir samtökin og er gert ráð fyrir að afrakstur þeirrar vinnu verði kynntur og staðfestur í haust. Þá er áfram unnið að innleiðingu nýrrar tilskipunar um

starfstengda lífeyrissjóði (2016/2341/EB) sem tekur við af tilskipun sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 78/2007 (2003/41/EB). Í tilskipuninni er m.a. aukin áhersla á stjórnarhætti lífeyrissjóða, upplýsingagjöf og ESG (Umhverfismál, Samfélagsmál & Stjórnarhætti

/ Environmental, Social & Governance) við töku fjárfestingarákvarðana og við áhættustýringu. Tilskipanirnar hafa takmörkuð bein áhrif á starfsemi íslenskra lífeyrissjóða. Reynslan hefur kennt okkur að óbein áhrif geta hins vegar verið margþætt.



**Myndin sýnir verðmæti heildareigna í sjóðmynduðum og einstaklingsbundnum lífeyrissjóðum/kerfum (e. Total assets in funded and private pension arrangements) sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í völdum OECD ríkjum. Nokkra athygli vekur að á tímabilinu vaxa sjóðmynduð kerfi í Danmörku, Hollandi, Kanada og Svíþjóð hlutfallslega mun hraðar en á Íslandi.**  
Heimild: Pension Markets in Focus, útgefið af OECD árið 2017.

PensionsEurope hefur gefið út vegvísa um uppbyggingu og þróun lífeyrissjóða og lífeyriskerfa. Vegvísarnir geta gagnast einstökum lífeyrissjóðum beint og sem innlegg í vinnu við þróun löggjafar um lífeyrissjóði. Þessir vegvísar og annað gagnlegt efni af erlendum vettvangi er nú aðgengilegt á

vefsvæðinu „Erlent efni“ á vef LL. Hluti af þessu efni var til umfjöllunar á málþingi Landssamtaka lífeyrissjóða sem haldið var 1. febrúar s.l. undir yfirskriftinni „Mótun lífeyriskerfa – Hvað getum við lært af alþjóðasamfélaginu?“

Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna: [www.pensionseurope.eu](http://www.pensionseurope.eu).

# Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira

**Helstu opnir fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi.**

## 2017

**23. maí:** Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða.

**30. maí:** Kynning á væntanlegum breytingum á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, lögfræðingur hjá LSR, og Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur hjá Brú lífeyrissjóði, fluttu framsögu.

**1. júní:** Fulltrúar FME kynntu framkvæmd álagsprófs EIOPA.

**7. júní:** Framkvæmdastjóri LL mætti á fund stjórnar FEB þar sem ýmis málefni eldri borgara voru rædd en þó einkum miklar tekjutengingar almannatrygginga.

**23. júní:** Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL áttu hádegisspjall með formanni stjórnar VR.

**16. ágúst:** Kynning á nýju úrræði um Fyrstu fasteign sem tók gildi 1. júlí 2017. Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA og LSBÍ, og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, sviðsstjóri RSK, fluttu framsögu.

**24. ágúst:** Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar á Hótel Grímsborgum.

**31. ágúst:** Framkvæmdastjóri LL mætti á vinnu- og stefnumótunarfund stjórnar LSR og kynnti helstu áherslur í starfsemi LL.

**19. október:** Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og siðferðileg viðmið. Kristján Guy Burgess.

**25. október:** Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL áttu spjallfund með formanni Verkalýðsfélags Akraness.

**1. nóvember:** Framkvæmdastjóri LL tók þátt í pallborðsumræðum á málþingi ÖBÍ sem bar yfirskriftina: „Bætum kjör lífeyrisþega“.

**3. nóvember:** Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL áttu hádegisspjall með ritstjóra Bændablaðsins en hann hefur sýnt lífeyrismálum nokkurn áhuga.

**13. nóvember:** Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL buðu fulltrúum ÖBÍ í kaffispjall.

**15. nóvember:** Hádegisfyrirlestur um þróun á fasteigna- og lánamarkaði. Dr. Ásgeir Jónsson, dósent og deildarforseti hagfræðideildar HÍ, kynnti sýn sína á stöðu mála. Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur og stofnandi síðunnar Herborg.is, kynnti síðuna og vakinn var athygli á sambærilegri síðu, aurbjorg.is.

**23. nóvember:** Hagtöluhópur LL kynnti helstu hagtölur lífeyrissjóða.

**23. nóvember:** Hádegisfræðslufundur um umboðsskyldu, Óli Freyr Kristjánsson. Hagtölur lífeyrissjóða kynntar.

**24. nóvember:** Ellilífeyriskerfi Belgíu. Málþing haldið í samstarfi við Háskóla Íslands og Landssamband eldri borgara.

**11. desember:** Hádegisfundur með framkvæmdastjórum sjóðanna í boði stjórnar LL.

## 2018

**24. janúar:** Kynning á skýrslu starfshóps forsætisráðherra um hlutverk lífeyrissjóða í atvinnulífinu.

**30. janúar:** Kynning á ítarlegri greinargerð vinnuhóps LL um þau atriði sem lífeyrissjóðir þurfa að huga að vegna nýrra reglna um persónuvernd (GDPR) og þau áhrif sem breytingarnar munu hafa á starfsemi lífeyrissjóða.

**1. febrúar:** Mótun lífeyriskerfa. Hvað getum við lært af alþjóðasamfélaginu? Málþing um erlend viðmið fyrir lífeyriskerfið, hugmyndafræði Alþjóðabankans og fleira.

**6. febrúar:** Reglulegur upplýsinga- og spjallfundur framkvæmdastjóra og stjórnar LL.

**6. febrúar:** Kynningarfundur FME á leiðbeiningum vegna eigin áhættumats lífeyrissjóða.

**21. febrúar:** Þjóðskrá Íslands hélt kynningu í húsa- kynnum LL um fasteignanúmer í stað fastanúmera.

**22. febrúar:** Lífeyrisréttindi á milli landa með áherslu á EES-samninginn. Anna Elísabet Sæmundsdóttir, deildarstjóri erlendra mála hjá TR, og Halla María Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur hjá TR, fóru yfir mál sem tengjast lífeyrisréttindum á milli landa.

**6. mars:** Framkvæmdastjóri LL mætti á starfs- mannafund LSR og kynnti starfsemi LL.

**6. mars:** Kynning á íslenska lífeyrissjóðakerfinu fyrir háskólanema á Háskólatorgi.

**4. apríl:** Hádegisfræðsluerindi á vegum fræðslu- nefndar LL. Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri lífeyris- deildar hjá TR, kynnti það ferli sem á sér stað þegar sótt er um örorkulífeyri hjá stofnunni, allt frá því að umsókn berst.

**10. apríl:** Ráðstefna um góða stjórnarhætti haldin

á vegum Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti. Framkvæmdastjóri LL og Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og stjórnarmaður LL tóku þátt í pallborðsumræðum um áhrif og ákvarðanir stjórna.

**26. apríl:** IcelandSIF í samstarfi við LL – Siðferðileg viðmið í fjárfestingum lífeyrissjóða. Vinnuhópur á vegum IcelandSIF ásamt öðrum sérfræðingum kynnti greiningar á hvaða sjónarmiða og viðmiða mögulegt sé að líta til þegar lífeyrissjóður setur sér stefnu um siðferðileg viðmið í fjárfestingum.

**8.–24. maí:** Námskeið til að undirbúa stjórnarmenn fyrir hæfnismat Fjármáleftirlitsins í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu.

**9. maí:** Verða lífeyrissjóðir of stórir fyrir Ísland? Málþing. Framsögumenn: Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar LL, Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræði við HÍ, Már Guðmundsson,

seðlabankastjóri, og Jón Þór Sturluson, starfandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

**9. maí:** Hádegisspjall formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra LL með nýkjörnum formanni og framkvæmdastjóra Eflingar.


**14. maí:** Stjórnarhættir – námstefna í samstarfi við Nasdaq á Íslandi, SA og Viðskiptaráð Íslands. Námstefna um stjórnarhætti þar sem áherslan var á hagnýta nálgun fyrir bestu starfshætti fyrir lífeyrissjóði, fyrirtæki og fjármálastofnanir. Tveir kanadískir sérfræðingar héldu fyrirlestra.

**17. maí:** Er hægt að beita tæknigreiningu til þess að vinna S&P 500 vísitöluna? Svandís Rún Ríkarðsdóttir kynnti meistararitgerð sína á sviði eignastýringar.

**23. maí:** Að beiðni Seðlabanka Íslands eiga fulltrúar lífeyrissjóða fund með fulltrúum matsfyrirtækisins Fitch.

# Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðir	Hrein eign 31. des. 2016 (millj. kr.)	% af heildareignum
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	720.413.935	20,4
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	602.384.583	17,0
Gildi-lífeyrissjóður	471.687.030	13,3
Birta lífeyrissjóður	320.152.350	9,1
Stapi lífeyrissjóður	186.692.847	5,3
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	185.545.387	5,3
Almenni lífeyrissjóðurinn	184.908.340	5,2
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	142.963.320	4,0
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	128.475.036	3,6
Festa lífeyrissjóður	119.420.466	3,4
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	74.061.629	2,1
Lífsverk lífeyrissjóður	72.967.607	2,1
Lífeyrissjóður bankamanna	71.019.484	2,0
Íslenski lífeyrissjóðurinn	61.200.991	1,7
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	45.722.760	1,3
Eftirlaunasjóður FÍA	31.584.465	0,9
Lífeyrissjóður bænda	31.432.632	0,9
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	26.444.480	0,7
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	22.186.287	0,6
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	10.432.066	0,3
Lífeyrissjóður Rangæinga	10.111.389	0,3
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	5.083.086	0,1
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	4.377.572	0,1
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	4.014.821	0,1
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	31.905	0,0
	<b>3.533.314.467</b>	<b>100,0</b>



Lífeyrissjóðir á Íslandi eru nú 21 talsins. Þeim fækkaði um fjóra á árinu. Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands var lagður niður og aðrir sameinuðust. Þannig sameinaðist Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga LSR og Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar Brú lífeyrissjóði. Þegar sjóðirnir voru flestir voru þeir 96 en það var árið 1980.

Heimild: Ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins

Landssamtök lífeyrissjóða

# Ársreikningur 2017

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2017 voru aðildarsjóðir 24. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2017 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt

rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 135,0 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 21,8 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 98,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 76,9 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2018

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Þorbjörn Guðmundsson

Haukur Hafsteinsson

Arnaldur Loftsson

Erla Jónsdóttir

Guðrún Hafsteinsdóttir

Gylfi Jónasson

Harpa Ólafsdóttir

Huld Aðalbjarnardóttir

Kristbjörg Stephensen

Hulda Rós Rúriksdóttir

Framkvæmdastjóri

Þórey S. Þórðardóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

## ÁRITUN UM ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðis-skyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi

rekstrarhæfi, nema þau ætli annaðhvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglegra gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu



reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

#### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 20. mars 2018

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

# Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrartekjur</b>			
Árgjöld .....	1b	135.000.000	110.000.000
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	2	64.274.374	54.502.137
Annar rekstrarkostnaður .....	3	51.773.637	68.154.111
		<u>116.048.011</u>	<u>122.656.248</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b> .....		18.951.989	(12.656.248)
Vaxtatekjur .....		2.880.166	3.658.909
Vaxtagjöld .....		(17.990)	(20.096)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....		<u>2.862.176</u>	<u>3.638.813</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b> .....	5	<u>21.814.165</u>	<u>(9.017.435)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum .....	4	672.208	672.208
Fastafjármunir samtals		<u>672.208</u>	<u>672.208</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtímakröfur .....		0	47.823
Handbært fé .....		110.118.788	94.067.235
Veltufjármunir samtals		<u>110.118.788</u>	<u>94.115.058</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>110.790.996</u>	<u>94.787.266</u>
<b>Eigið fé</b> .....	5	<u>98.695.843</u>	<u>76.881.678</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		12.095.153	17.905.588
<b>Skuldir samtals</b>		<u>12.095.153</u>	<u>17.905.588</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>110.790.996</u>	<u>94.787.266</u>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	<b>Skýr.</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (tap) ársins .....	5	21.814.165	(9.017.435)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>21.814.165</u>	<u>(9.017.435)</u>
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun .....		47.823	1.254.863
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		(5.810.435)	8.148.346
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(5.762.612)</u>	<u>9.403.209</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>16.051.553</u>	<u>385.774</u>
 <b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		16.051.553	385.774
 <b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>94.067.235</u>	<u>93.681.461</u>
 <b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u>110.118.788</u>	<u>94.067.235</u>

# Skýringar

## 1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### b. Innlausn tekna

Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2017 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2015. Einnig er fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð 150 þús. kr.

### c. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

## 2. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

### Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun stjórnar og varastjórnar .....	10.155.500	9.445.000
Laun formanna fastanefnda .....	3.632.000	3.500.000
Laun og hlunnindi starfsmanna .....	37.879.232	32.065.362
Laun samtals .....	51.666.732	45.010.362
Launatengd gjöld .....	12.607.642	9.491.775
Laun og launatengd gjöld samtals .....	64.274.374	54.502.137
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	2,2	2,0

### Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinast þannig:

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri .....	24.436.752	22.604.004
Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar og samskiptanefndar .....	2.847.000	2.625.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður .....	1.423.500	1.312.500
Gylfi Jónasson .....	949.000	875.000
Kristbjörg Stephensen .....	949.000	875.000

## | Skýringar, framhald

### 2. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD, FRH.

	2017	2016
Arnaldur Loftsson .....	949.000	875.000
Huld Aðalbjarnardóttir .....	949.000	875.000
Harpa Ólafsdóttir .....	949.000	525.000
Erla Jónsdóttir .....	574.000	0
Guðrún Hafsteinsdóttir .....	574.000	0
Arnar Sigurmundsson .....	375.000	875.000
Úlfar Steindórsson .....	375.000	525.000
Erla Ósk Ásgeirsdóttir .....	75.000	220.000
Hulda Rós Rúriksdóttir .....	78.500	37.500
Sigurbjörn Sigurbjörnsson .....	37.500	0
Ásta Rut Jónsdóttir .....	0	350.000
Heiðrún Jónsdóttir .....	0	210.000
Gunnar Þór Baldvinsson .....	0	140.000
Ágústa Gísladóttir, formaður fræðslunefndar .....	949.000	875.000
Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða .....	949.000	875.000
Þóra Jónsdóttir, formaður réttindanefndar .....	410.000	0
Kristján Geir Pétursson, fyrrverandi formaður réttindanefndar .....	375.000	875.000

## | Skýringar, framhald

### 3. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

#### Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2017	2016
Kynningarmál, almannatengsl og auglýsingakostnaður .....	25.556.854	33.657.820
Húsaleiga .....	3.038.643	2.984.933
Annar húsnæðiskostnaður .....	641.360	571.363
Pappír, prentun, ritföng .....	1.205.613	1.297.003
Símakostnaður .....	463.833	1.227.085
Burðargjöld .....	145.532	273.919
Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt .....	1.006.124	1.013.248
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða .....	6.204.388	5.748.270
Aðkeypt þjónusta lögfræðinga .....	161.200	845.184
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda .....	1.357.738	1.098.299
Aðkeypt þjónusta tryggingafræðinga .....	532.430	5.155.835
Önnur aðkeypt þjónusta .....	1.264.781	2.896.791
Ferðakostnaður .....	1.267.229	1.156.814
Fundir, ráðstefnur, risna og námskeið .....	6.239.024	4.392.080
Félagsgjöld .....	1.488.406	1.735.435
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki .....	33.050	271.441
Starfsmannakostnaður .....	1.093.089	813.817
Rannsóknir og greining .....	0	3.000.000
Annar kostnaður .....	74.343	14.774
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	51.773.637	68.154.111

## | Skýringar, framhald

### 4. ÁHÆTTUFJÁRMUNIR

Félagið á 7,5% eignarhlut í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.

### 5. EIGIÐ FÉ

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017 .....	24.416.897	52.464.781	76.881.678
Hagnaður ársins .....		21.814.165	21.814.165
Eigið fé 31.12.2017 .....	24.416.897	74.278.946	98.695.843





